

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um ferðakostnað og dagpeninga ráðherra og ráðuneytisstjóra.

1. Hver var frá árinu 2006 árlegur fjöldi ferða umhverfis- og auðlindaráðherra annars vegar og þeirra ráðherra sem fóru með málefnasvið hans og hins vegar ráðuneytisstjóra þessara sömu ráðuneyta til útlanda vegna starfa á vegum ráðuneytisins?
2. Hve háar voru árlegar greiðslur dagpeninga hvors um sig vegna þessara ferða?
Sjá eftirfarandi töflur.

Ferðir ráðherra erlendis árin 2006–2017.

Ár	Fjöldi ferða	Dagpeningar	Hótelgisting	Annar ferðakostnaður
2006	15	1.117.369	691.086	1.864.509
2007	10	1.406.426	355.433	1.486.829
2008	10	1.105.044	543.479	1.338.646
2009	4	451.945	88.441	630.668
2010	4	406.085	291.945	1.011.910
2011	3	177.299	162.728	345.240
2012	5	638.778	532.231	1.928.198
2013	1	86.856	73.366	194.124
2014	2	363.773	291.407	569.670
2015	2	232.114	113.084	299.872
2016	4	392.404	158.276	729.674
2017	5	446.318	251.559	555.941

Ferðir ráðuneytisstjóra erlendis árin 2006–2017.

Ár	Fjöldi ferða	Dagpeningar	Hótelgisting	Annar ferðakostnaður
2006	7	856.453	627.734	1.382.859
2007	11	651.911	316.554	1.832.043
2008	7	659.679	552.858	1.039.261
2009	8	1.003.782	44.736	2.135.906
2010	3	246.854	47.283	538.571
2011	3	448.608	201.242	644.436
2012	7	929.035	508.151	1.291.774
2013	1	139.237	73.853	254.934
2014	1	98.390	139.157	163.438
2015	3	291.922	58.310	670.748
2016	1	190.424	76.170	186.318
2017	2	209.642	184.142	539.022

3. *Hversu oft á hverju ári fengu ráðherra og ráðuneytisstjóri 1/3 hluta dagpeninga og hve oft 2/3 hluta?*

Fjallað er um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins í reglum nr. 1/2009 sem tóku gildi í mars 2009. Í 9. gr. reglnanna kemur fram að ráðherrum og forseta Hæstaréttar skuli greiddir hlutar dagpeninga, en 1/3 hluta dagpeninga ef um opinbera heimsókn er að ræða. Fyrirnefnd 9. gr. reglnanna tekur ekki til ráðuneytisstjóra og fær hann óskerta dagpeninga og greiðir allan sinn kostnað sjálfur. Eftir gildistöku reglunnar hafa ráðherrar sem ferðast á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis fengið greiddar 2/3 hluta dagpeninga.

4. *Hverjar voru árlegar fjárhæðir, skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra, vegna hóteldgistingar þeirra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar?*

Sjá töflur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar en þær sýna m.a. árlegar fjárhæðir skipt á ráðherra og ráðuneytisstjóra vegna hóteldgistingar þeirra og annars ferðakostnaðar fyrir árin 2006–2017 en annar ferðakostnaður samanstendur m.a. af kostnaði vegna flug- og lestarfargjalda.

5. *Í hversu mörgum tilfellum hvert þessara ára var ráðherra eða ráðuneytisstjóra ekið út á flugvöll í bifreiðum ráðuneytisins og í hve mörgum tilfellum endurgreiddu þeir þann hluta dagpeninga sem ætlaður er til að standa undir þeim hluta ferðakostnaðarins?*

Í 8. gr. reglugerðar nr. 1281/2014, um bifreiðamál ríkisins, segir að leggja skuli ráðherrum ríkisstjórnarinnar til bifreið til afnota vegna starfa sinna. Þar af leiðandi er ráðherra jafnan ekið til flugvallar í bifreið ráðuneytisins. Ráðuneytisstjóra hefur ekki sérstaklega verið ekið til flugvallar í bifreið ráðuneytisins.

6. *Hversu oft og hve háar voru árlegar endurgreiðslur ráðherra og ráðuneytisstjóra vegna styrkja og hvers konar hlunninda sem þeir nutu erlendis og eiga samkvæmt reglum ferðakostnaðarnefndar að koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum?*

Í 7. gr. reglna nr. 1/2009 segir að styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem ríkisstjórsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skuli koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Á ferðalögum ráðherra og/eða ráðuneytisstjóra ber við að gestgjafi eða sá aðili sem hýsir fund bjóði veitingar eða standi fyrir kurteisviðburði sem hæfir tilefninu. Hefð hefur skapast fyrir því að leggja ekki sérstakt mat á umfangið þannig að það hafi leitt til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum.